

Lokaskýrsla

Efling lestrarfærni nemenda á yngsta stigi með sértækri hljóðakennslu í Álftanesskóla veturinn 2018–2019.

Nafn skóla: Álftanesskóli

Nafn verkefnisins: Efling lestrarfærni nemenda á yngsta stigi með sértækri hljóðakennslu

Nafn verkefnisstjóra: Auður Björgvinsdóttir

Skýrsla um þróunarverkefnið Efling lestrarfærni nemenda á yngsta stigi með sértækri hljóðakennslu í Álftanesskóla veturinn 2018–2019. Upphaf notkunar aðferða í anda *direct instruction og precision teaching* í Álftanesskóla var að sérkennarar lærðu þær til að nýta með eldri nemendum með lestrarvanda. Markmiðið með þróunarverkefninu var að finna strax þá nemendur 1. bekkjar sem ljóst er að eiga í vanda með tengsl hljóða og stafa og tengingar hljóða, og nota aðferðir í anda *direct instruction og precision teaching* til að aðstoða þá. Einnig að bregðast við vanda nemenda í 2. og 3. bekk með því að kanna hvort að skortur á hljóðabekkingu sé valdur að hæglæsi þeirra og bregðast við með hljóðakennslu. Ágætt orð yfir þessar aðferðir er fimipjálfun og notuðum við það.

Vinna í 1. bekk.


Þekking nemenda á stöfum og hljóðum var könnuð í upphafi og niðurstöður Hljóm-2 skoðaðar og kom í ljós að fylgjast þyrfti sérstaklega með hvernig 17 nemendum af 28 gengi að tileinka sér hljóð og stafi.

Eftir því sem stafir voru lagðir inn var þekking nemenda könnuð, þ.e. hve hratt og rétt þau gætu kallað fram hljóð þeirra stafa sem búið var að leggja inn. Reynt var að kenna þau hljóð sem vantaði hverju sinni. Ljóst var að þetta reyndist gríðarlega tímafrekt þar sem um svo marga nemendur var að ræða þó að nokkrir hafi tekið við sér og því fækkað í 17 manna hópnum. Ákveðið var að virkja foreldra og voru nemendur sendir heim með spil með þeim bókstöfum sem búið var að leggja inn og leiðbeiningar um notkun. Eftir því sem fleiri stafir voru lagðir inn bættist í spilastokka nemenda.

Ákveðið var að gera tilraunir með að umsjónarkennarar myndu taka tíma í að láta hópinn sinn þjálfa hljóðin inni í stofu. Því voru útbúin fimipjálfunarblöð með bæði stöfum og orðmyndum. Þetta reyndist ágætlega og vilji umsjónarkennara að efla þennan þátt.

Niðurstöður skimunarinnar Lesferils leiddu ekkert nýtt í ljós, umsjónarkennarar og sérkennari höfðu þegar fundið þá nemendur sem voru í vanda. Þegar allir stafir höfðu verið lagðir inn voru sex nemendur sem þyrftu að halda áfram að vinna með í hljóðavinnu. Um er að ræða hljóðkerfisvanda auk þess sem sumir nemendur eiga við fleiri hindranir að stríða sem hafa áhrif á lestrarnám þeirra. Þessir sex nemendur voru í tímum fram í miðjan maí þar sem stöðugt var unnið með hljóð og samstöfur.

Markmiðið með því að prófa þessa ítarlegu hljóðakennslu meðfram stafainnlögn var að grípa þá nemendur sem eiga í vanda með að læra hljóðin og tengsl stafa og hljóða og kenna þetta strax í stað þess að finna að lestrarvandi þeirra seinna meir eigi uppruna sinn í skorti á hljóðabekkingu. Þessi vetur var að mörgu leyti tilraunastarfsemi og prófanir á því hvernig þetta gengur best upp með þeim leiðum sem við þegar nýttum í lestrarkennslunni. Mikill tími fór í hljóðakennslu með þeim nemendum sem áttu hvað erfiðast, á kostnað þess að þjálfa samfelldan lestur. Það er trú okkar að þetta sé skynsamlegri leið þó að hún geti haft þau áhrif að nemendur lesi hægar í samfelldum texta í 1. bekk en þeir hefðu gert ef áherslan hefði verið önnur. Hér að neðan eru niðurstöður úr lesfimiprófi Menntamálastofnunar í maí 2019 (gögn úr Skólagátt)



Álftanesskóli	Landið	Viðmið Menntamálast.
Undir viðmiði 1 – 6,45%	Undir viðmiði 1 – 10,48%	Undir viðmiði 1 – 10%
Milli viðmiða 1 og 2 – 58,06%	Milli viðmiða 1 og 2 – 54,33%	Milli viðmiða 1 og 2 – 40%
Milli viðmiða 2 og 3 – 12,9%	Milli viðmiða 2 og 3 – 18,19%	Milli viðmiða 2 og 3 – 25%
Yfir viðmiði 3 – 22,58%	Yfir viðmiði 3 – 17,01%	Yfir viðmiði 3 – 25%

Ánægjulegt er að hlutfall nemenda sem ekki nær lágmarksviði er lægra í Álftanesskóla en á landinu öllu og einnig lægra en viðmið Menntamálastofnunar. Það eru viss vonbrigði að ná ekki hærra hlutfalli nemenda sem nær viðmiði 2, þ.e. of hátt hlutfall nemenda er á milli viðmiða 1 og 2. Eins og áður kom fram var mikil áhersla lögð á þjálfun hljóða á kostnað þjálfunar á lestri samfellds texta, það getur haft áhrif, sérstaklega á þann hóp sem við flokkuðum sem nemendur „á gráa svæðinu“, þ.e. nemendur sem þurftu hljóðakennslu til að byrja með en voru ekki í sex nemenda hópnum sem þurftu áframhaldandi aðstoð og munu þurfa hana næsta vetur líka. Þessir nemendur „á gráa svæðinu“ eru gjarnan að lesa á bilinu 35 til 50 orð á mínútu og eru sumir býsna nálægt því að ná viðmiði 2. Von okkar er sú að með því að nýta tímann til að byggja öflugan grunn hljóðþekkingar séum við að auka líkurnar á að þessir nemendur nái góðri lestrarfærni.

Vinna í 2. og 3. bekk.

Sérkennari sem vann með þessa árganga þekkti flesta nemendurna frá því í 1. og 2. bekk. Þeir nemendur sem ekki hafa náð viðunandi árangri hafa fengið sérkennslu áður og því fólst breytingin í því að kanna ítarlega hljóðþekkingu þeirra og kenna þau hljóð sem vantaði með aðferðum fimipjálfunar. Sérkennarinn sem kenndi þessum árgöngum taldi fimipjálfunina vera góða viðbót við aðra kennslu og mun nýta hana áfram.

Niðurstöður og áframhaldandi vinna

Fljótlega í þróunarvinnunni kom í ljós að nokkur atriði í hugmyndafræði aðferða sem kenndar eru við *direct instruction og precision teaching* passaði ekki við þær aðferðir sem hafa gefist vel í stafainnlögn í 1. bekk í Álftanesskóla, en vel er hægt að leita leiða til að nýta gagnsemi þeirra þannig að það efli kennsluna enn frekar og byggji sterkari grunn.

Niðurstaða vinnu með 1. bekk er að gagnlegt sé að vinna svo ítarlega með hljóðin og tengsl þeirra við stafina meðfram stafainnlögn. Til að aðlaga þessa aðferð sem best að þeim aðferðum sem notaðar eru í Álftanesskóla var ákveðið að útbúa fimiblöð sem fylgja þeirri röð sem stafir eru lagðir inn í og einnig fimiblöð með lykilorðum og helstu orðmyndum. Með þessum hætti geta umsjónarkennarar haft

fimipjálfun inni í bekk. Það vonandi minnkar hópinn sem sérkennari þarf að sinna í minni hópum eða einstaklingslega. Að fylgjast svo vel með hvernig nemendum gekk að tileinka sér hljóðin var mjög gagnlegt, eins og áður kom fram voru kennarar algerlega meðvitaðir um stöðu nemenda áður en Lesferillinn var lagður fyrir. Að senda heim spil með stöfunum gafst vel og voru foreldrar mjög sáttir við þetta fyrirkomulag og töldu það gagnlegt. Því verður haldið áfram. Heilt yfir telja sérkennarar og umsjónarkennarar að fimipjálfunin sé mjög gagnleg viðbót við lestrarkennslu byrjenda.

Veturinn 2019 – 2020 verður aðferðin þróuð enn frekar, fimiblöð verða nýtt meðfram stafainnlögn í 1. bekk og nemendum sem komnir eru í 2. bekk fylgt eftir. Hvað varðar eldri nemendur eru sérkennarar sammála um að mjög gott sé að grípa til þessarar aðferðar til að hjálpa nemendum en mikilvægast af öllu sé að nota hana í byrjun til að koma í veg fyrir að skortur á hljóðabekkingu og tengslum stafa og hljóða vandi lestrarvanda.